



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

OPINBER HEIMSÓKN Í ÍSAFJARÐARBÆ

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, og frú Eliza Reid forsetafrú fara í opinbera heimsókn í Ísafjarðarbæ þriðjudaginn 7. júní 2022 og stendur heimsóknin í two daga.

Fyrri daginn heimsækja forsetahjónin Stjórnsýsluhúsið og eiga þar m.a. fund með nýkjörinni bæjarstjórn. Þá hitta þau leikskólabörn í bænum, heimsækja nýsköpunarfyrirtækið Kerecis og kynna sér starfsemi þess og halda því næst í hjúkrunarheimilið Eyri og á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða þar sem þau eiga stund bæði með íbúum og starfsfólki. Þá liggur leiðin í Vestrahús þar sem fjöldi stofnana og fyrirtækja hefur aðsetur og fá hjónin þar kynningu á margþættri starfsemi og nýjungum, meðal annars á sviði matvælaframleiðslu. Að þessu loknu taka forsetahjónin þátt í skrúðgöngu með bæjarbúum frá Ísafjarðarkirkju að Edinborgarhúsinu en þar verður samkoma opin almenningi, skemmtiatriði og kaffiveitingar. Um kvöldið verður forseti viðstaddur skólaslitaathöfn grunnskólans á Ísafirði.

Síðari daginn heldur forseti í Hnífsdal til að kynna sér starfsemi Hraðfrystihússins Gunnvarar og hitta starfsmenn þar; þá verður haldið til Þingeyrar og frumkvöðlastetrið Blábankinn heimsótt og rætt við hverfisráð Þingeyrar auk þess sem forseti staldrar við bæði í leikskólanum Laufási og í hjúkrunarheimilinu Tjörn.

Þá liggur leiðin til Suðureyrar þar sem forseti mun kynna sér starfsemi fiskvinnslunnar Íslandssögu, hitta leikskólabörn og skoða starfsemi Fisherman sem byggist bæði á matvælavinnslu og ferðaþjónustu.

Í lok heimsóknar sinnar mun forseti fara í Byggðasafn Vestfjarða í Neðstakaupstað og að síðustu í Safnahúsið á Ísafirði þar sem meðal annars má skoða bóka- og skjalasöfn og ljósmyndasafn.

3. júní 2022

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Sif Gunnarsdóttir forsetaritari (664 8249) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).